



19. júní 2023

Umhverfis- og skipulagsráð

b.t. Gunnar Kr. Ottósson

Erindi frá velferðarráði: Staðsetning smáhýsa

Á fundi velferðarráðs 16. maí s.l. sjá mál númer 3. Þá er óskað eftir því að það verði farið í þarfagreiningu fyrir heimilislausu og einnig að skoðuð verði kaup á smáhýsum fyrir þennan málaflokk. Hér með er óskað eftir því að umhverfis- skipulagsráðs fjalli um uppbyggingu næstu smáhýsa, þ.e. hvar best væri að staðsetja þau í sveitarfélaginu.

Virðingafyllst,

Sigurrós Antonsdóttir

formaður velferðarráðs



Þarfagreining vegna smáhýsa. Fylgiskjal með erindi frá velferðarráði dags. 19.06.2023

Það er ekki hjá því horfið að nokkrir einstaklingar í sveitarfélaginu eru heimilislausir og hafa í engin hús að venda. Af þeim 225 sem eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði eru 5 sem skilgreina sig húsnæðislausar, og af þeim 5 eru 4 í miklum vanda samkvæmt ráðgjöfum.

Enn fremur er vitað til þess að 5 einstaklingar til viðbótar eru í miklum vanda en eiga ekki umsókn í kerfinu.

Samtals 10 einstaklingar sem vitað er til að eru í mjög alvarlegum vanda, hafa ítrekað leitað í gistiskýli og Konukot og jafnvel sofa í bíl eða úti.

Einnig er hópur nokkurra einstaklinga í sveitarfélaginu sem býr í fjölbýli og eiga í miklum erfiðleikum með að búa í návígi við aðra einstaklinga, mikið ónæði er af þeim og aðrir íbúar ósáttir. Þeir koma sér út í horn í samskiptum, eru margir hverjir í neyslu og lenda reglulega í skuldavanda.

Þriðji hópurinn er svo þeir sem búa inná öðrum, eins og foreldrum, og hafa heimilið í einskönar gíslingu, sökum mikilla andlegra veikinda eða neyslu. Þeir hafa jafnvel farið á leigumarkað og misst húsnæðið vegna erfiðleika sinna.

Samtals er áætlað að þessir tveir hópar telji um 6 einstaklinga.

Reykjanesbær leigir sem stendur tvö smáhýsi á Víkurbraut sem er hugsað fyrir þá einstaklinga sem ekki geta búið í návígi við aðra íbúa sveitarfélagsins vegna síns vanda. Þau eru nú í útleigu til tveggja einstaklinga sem glíma við margþættan vanda. Tvö önnur slík smáhýsi eru í byggingu.

Talið er að þörf sé á 10-15 smáhýsum á hverjum tíma því mikilvægt er að komið sé til móts við þennan viðkvæma hóp, bæði með því að nýta smáhýsi sem langtímaúrræði, en einnig sem skammtímaúrræði meðan unnið er að langtímalausn skjólstæðinga.

Nauðsynlegt er að tryggja að þessi hópur hafi gott aðgengi að almenningssamgöngum og annarri þjónustu sem þeir nýta mest, líkt og verslun og apótek, heilsugæslu, geðræktarmiðstöðina Björgin, bókasafn Reykjanesbæjar og skrifstofu velferðarsviðs í bæjarskrifstofum Reykjanesbæjar.


Bjarney Rós B. Guðmundsdóttir
Teymisstjóri ráðgjafar- og virkniteymis.

Samantekt yfir fjölda gistinátt í Gistiskýli 2019 - 2023

Gistiskýlið	2019	2020	2021	2022	2023
jan	29	2	21	6	36
feb	60	22	16	0	62
mars	5	15	2	0	38
apríl	0	0	vantar	3	62
maí	35	11	vantar	2	
júní	57	22	vantar	3	
júlí	48	7	vantar	3	
ágúst	21	0	vantar	11	
sept	0	0	vantar	6	
okt	0	3	vantar	0	
nóv	0	2	vantar	27	
des	17	19	vantar	43	
Fjöldi gistir	272	103		104	198

Gistiskýlið	2019	2020	2021	2022	2023
fjöldi gistin	272	103	39	104	198

ath



2021 vantar data

Samantekt yfir fjölda gistinátt í Konukoti 2019 - 2023

Konukot	2019	2020	2021	2022	2023
jan	9	14	0	7	0
feb	2	2	0	1	1
mars	4	0	1	0	0
apríl	4	0	0	2	4
maí	12	1	0	3	
júní	6	9	0	2	
júlí	2	0	21	0	
ágúst	0	0	8	2	
sept	1	0	0	1	
okt	0	0	0	2	
nóv	0	0	0	0	
des	10	0	0	0	
Fjöldi gistinátta	50	26	30	20	5

Konukot	2019	2020	2021	2022	2023
Fjöldi gistinátta	50	26	30	20	5

